

75

21. nóvbr.

## AUGLÝSING

um

viðauka við auglýsingu 10. des. 1926 um innflutningsbann.

Með því að kin- og klaufaveiki hefir gosið upp að nýju í Danmörku og Svíþjóð, er auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru upp í auglýsingu 10. desember 1926, hjermeð samkvæmt lögum nr. 22, 15. júní 1926 um innflutningsbann á dýrum o. fl., bannað fyrst um sinn að flytja til landsins frá þessum löndum smjör, osta, egg, þuregg, hverskonar fódurvörur frá mjólkurbúum, tuskur allskonar, ull, brúkaðan fatnað, fiður, fjaðrir og dún. Ennfremur er bannað að flytja til landsins frá sömu löndum strá-ábreiður, körfur úr strái, dýrahár og vörur úr því, svo sem burstavörur allskonar, pensla, kústa og hrosshársborða, nema vörurnar hafi verið sótthreinsaðar undir opinberu eftirliti áður en þær voru fluttar á skip og vottorð um það fylgi farmskrá skipsins eða farmskírteini yfir vörurnar.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. nóv. 1927.*

Tryggvi Þórhallsson.

*Vigfús Einarsson.*

76

23. nóvbr.

## REGLUGJÖRÐ

um

sorphreinsun á Akureyri.

1. gr.

Frá 1. febrúar 1928 sjer bæjarstjórnin um alla sorphreinsun á kaupstaðarlóðinni og lætur framkvæma hana á kostnað bæjarsjóðs. Sorpið sje tekið frá húsunum tvisvar í viku.

## 2. gr.

76

Húseigendur greiði árlega í bæjarsjóð hreinsunargjald 1—<sup>23.</sup> nóvbr.  $1\frac{1}{2}\%$  af fasteignamatsverði húsa, eins og það er 1. janúar ár hvert. Gjaldið skal greitt af íbúðarhúsum og öðrum húsum, sem eldstæði eru í, ef þau eru notuð. Þó skal bæjarstjórn heimilt að leggja aukagjald á verksmiðjur og önnur hús, þar sem óvenjulega mikið sorp fellur til.

## 3. gr.

Ef hreinsa þarf oftár en tvisvar í viku, greiði húseigandi kostnað við aukahreinsun eftir reikningi.

## 4. gr.

Hverju húsi skal fylgja sorpkista eða sorpkistur úr málmí, svo margar sem þurfa þykir, og skulu þær gerðar eftir fyrirsögn heilbrigðisnefndar. Í þessar sorpkistur skal láta ösku, sorp og annað rusl úr húsunum. Sorpkisturnar skulu settar á staði, sem eru aðgengilegir fyrir hreinsunarmanninn.

## 5. gr.

Gjöld samkvæmt reglugjörð þessari falla í gjalddaga 1. apríl og 1. september ár hvert, en þó falla gjöld samkvæmt 3. gr. í gjalddaga um leið og hreinsuninni er lokið.

Öll gjöld samkvæmt reglugjörð þessari má taka lögtaki.

Reglugjörð þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefir samið og samþykkt, staðfestist hjermeð samkvæmt lögum nr. 49, 31. maí 1927, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 23. nóvember 1927.*

Tryggvi Þórhallsson.

*Vígfús Einarsson.*